



Hreppsnefnd 06.03.03

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps miðvikudaginn 6. mars 2003 kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Emil Sigurjónsson oddviti, Sigurveig Róbertsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Ólafur Valgeirsson, Steindór Sveinsson, Björn H. Sigurbjörnsson og Ólafur Ármannsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Síðan var gengið til fyrirhugaðrar dagskrár.

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 6. feb. sl. Rætt um fundargerðina og hún síðan samþykkt.
2. mál. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 20. feb. sl.
Fundargerðin lögð fram og rædd.
3. mál. Fundargerð starfshóps um atvinnumál frá 21. feb. sl. Fundargerðin lögð fram, þar er greint frá ýmsum viðskiptahugmyndum sem áfram verður unnið að.
4. mál. Fundargerðir skólanefndar frá 14. jan. og 11. feb. sl. Fundargerðirnar lagðar fram. Í fundargerð frá 11. feb. sl. er greint frá því að unnið er að því að skoða tilboð í endurnýjun á tölum og einnig kaup á svokölluðum ritþjálfum.
5. mál. Drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og B-hluta stofnana, Vopnafjarðarhrepps 2003, lögð fram til síðari umræðu. Lagðar fram breytingatillögur við fyrirliggjandi drög að fjárhagsáætlunum hinna mismunandi sjóða Vopnafjarðarhrepps, sem alls eru tíu talsins í A og B hluta. Jafnframt lagt fram nýtt rekstraryfirlit sveitarsjóð og A og B hluta sjóða eins og það lítur út eftir breytingar. Ennfremur lögð fram sjóðsyfirlit fyrir alla sjóðina eins og þau líta út eftir breytingu. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu atriðum fyrirliggjandi áætlana og svaraði framkomnum fyrirspurnum fundarmanna. Í máli hans kom fram að þetta er í fyrsta skipti sem fjárhagsáætlun er lögð fram þessum hætti, en það er í samræmi við nýjan uppgjörsmáta sem Félagsmálaráðuneytið hefur ákveðið að sveitarfélögin eigi að vinna eftir.
Hann lagði síðan til að áætlanirnar yrðu samþykktar með áorðnum breytingum. Eftir nokkrar umræður lagði oddviti til að fjárhagsáætlanirnar yrðu afgreiddar í tvennu lagi. Annars vegar A-hluta sjóðirnir og hins vegar B-hluta sjóðirnir og var það fyrirkomulag samþykkt.
Því næst var gengið til atkvæða með þessu móti og voru fjárhagsáætlanirnar samþykktar með 5 atkvæðum og 2 sátu hjá.
6. mál. Gisiheimilið Vopnafjörður, bréf dags. 27. feb. sl., vínveitingaleyfi.
Vopnafjarðarhreppur samþykkir að veita umbeðið vínveitingaleyfi, enda liggi öll önnur tilskilin leyfi fyrir.
7. mál. Sjávarútvegsráðuneytið, bréf dags. 27. feb. sl., varðandi úthlutun á byggðakvóta.
Lagt fram bréf Sjávarútvegsráðuneytisins frá 27. feb. sl., þar sem fram kemur að Vopnafjarðarhreppur fær enga viðbótarúthlutun á byggðakvóta.
8. mál. Brunamálstofnun, bréf dags. 21. feb. sl., varðandi styrk til skýrslugerðar um samvinnu slökkviliða. Lagt fram bréf Brunamálstofnunar frá 27. feb. sl., þar sem greint er frá 400 þús. kr. styrk til vinnslu á skýrslu um samvinnu slökkviliða á svæðinu frá Þórshöfn til og með Fljótsdalshéraðs. Unnið er að gerð skýrslunnar og er búist við að tillögur liggi fyrir í þessum mánuði. Í framhaldi verða tillögur sem fram koma í skýrslunni lagðar fyrir viðkomandi sveitarstjórnir.
9. mál. Varasjóður húsnæðismála, bréf dags. 18. feb. sl., varðandi rekstrarframlög.

Lagt fram bréf Varasjóðs húsnæðismála frá 18. feb. sl. varðandi rekstrarframlög vegna halla á hinu félagslega íbúðakerfi. Ennfremur lögð fram umsókn sveitarfélagsins um slíkan styrk.

10. mál. Breyting á aðalskipulagi, bréf Vopnafjarðarhrepps til Skipulagsstofnunar.

Lögð fram drög að bréfi til Skipulagsstofnunar, þar sem sótt er um breytingu á aðalskipulagi skv. 2. málsgrein 21. gr. Skipulags og byggingarlaga. Jafnframt lagður fram uppdráttur af breytingunni unnin af fyrirtækinu Teikn á lofti. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Hann lagði síðan fram svofellda tillögu:” Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi uppdrátt að breytingu á aðalskipulagi unnin af fyrirtækinu Teikn á lofti og tekur á sig ábyrgð á að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að vinna áfram að framgangi breytingarinnar .”

Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

11. mál. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, verkáætlun vegna skýrslu um áhrif jarðganga undir Helligheiði eystri, á byggða -og atvinnuþróun beggja vegna Smjörfjalla.

Lögð fram verkáætlun Rannsóknastofnu Háskólans á Akureyri, en þar kemur fram að áætlað er að skýrslan kosti um 1.300 þús. kr. með vsk. Áætlað er að henni ljúki í apríl nk. Jafnframt lagt fram bréf til iðnaðarráðuneytisins, þar sem sótt er eftir styrk til verkefnisins.

12. Fundur með Samgöngunefnd Alþingis 24. feb. sl.

Lögð fram erindi sem lögð voru fram á fundi sveitarstjóra og oddvita með Samgöngunefnd Alþingis 24. feb. sl. Þar kemur fram að óskað er eftir fjármunum til tengingar Vopnafjarðar við Þjóðveg eitt. Þess er óskað að verkefninu verði flýtt sem kostur er og að nægir fjármunir fái til verksins þannig að unnt verði að ljúka verkinu eigi síðar en árið 2007. Ennfremur er þess óskað að Vopnafjarðarflugvöllur verði tekinn inn í grunnnet flugvalla. Jafnframt er óskað eftir því að fjármunir sem eru á jarðgangaáætlun verði nýttir til rannsókna á jarðgöngum undir Helligheiði eystri og síðast en ekki síst þá er óskað eftir að nægir fjármunir fái til þess að unnt verði að ljúka gerð brimvarnargarðs milli Miðhólma og Skiphólma á árinu.

Töluverðar umræður urðu um þessi mál og óskaði Steindór Sveinsson að eftirfarandi yrði bókað: “Mótmæli því að einungis sveitarstjóri og oddviti fóru á fund samgöngunefndar Alþingis en ekki fulltrúar allra framboða eins og um hafði verið talað”.

Oddviti skýrði málið og sagði að eftir að ljóst var að flýtifé hefði fengist til tengingar Þjóðvegur eitt við Vopnafjörð, hafi legið nokkuð ljóst fyrir að ekki skorti fjármagn til framkvæmdarinnar, heldur stæði á því að ákvörðun um veglínu lægi fyrir.

13. mál. Ýmsar fundargerðir og erindi:

a) SSA bréf dags. 10. feb. sl. varðandi tilnefningu SSA í Hreindýraráð.

Lagt fram til kynningar

b) Fræðslunet Austurlands bréf dags. 17. feb. sl., kynning á FS-neti.

Lagt fram og rætt. Skólastjóra Vopnafjarðarskóla og sveitarstjóra falið að kanna málið nánar og gera tillögur um þáttöku.

c) SSA, bréf dags. 26. feb. sl. Umsögn SASSA um samgönguáætlun 2003-2006 og 2003 –2014.

Lagt fram til kynningar.

d) Fundargerð heilbrigðisnefndar Austurlands frá 12. feb. sl.

Lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð stjórnar Sambands ísl. Sveitarfélaga frá 24. jan. sl.

Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.